

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Úthlíðar, Vörðuás 9.*
Í breytingunni felst að byggingarmagn fyrir lóðina Vörðuás 9 eykst úr 300 m² í 490 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 12. nóvember 2015.
2. *Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Vatnsleysu 1, land 5, Bæjarholtsbrekka.*
Í deiliskipulaginu felst að gert er ráð fyrir fjórum frístundalóðum þar sem heimilt er að reisa eitt frístundahús auk 25 m² geymslu eða gestahús á hverri lóð. Hámarkshæð húsa er 6,5 m og hámarksnýtingarhlutfall er 0,03.
Samþykkt í sveitarstjórn 3. september 2015.
3. *Breyting á deiliskipulagi Kjarnholta 1, Kjarnholt I, lóð 1 og 2, þakhalli og mænishæð.*
Í breytingunni felst að skilmálum lóðanna Kjarnholt I, lóð 1 og 2 verði breytt þannig að þakhalli verði á bilinu 0–45 gráður og að mænishæð fari úr 5,5 m í 6,5 m.
Samþykkt í sveitarstjórn 3. desember 2015.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 4. desember 2015.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 7. desember 2015